

Fjölskylduvernd 3 er samsett váttrygging fyrir einstaklinga og fjölskyldur. Hún innifelur m.a. innbústryggingu, slysatryggingu í frítíma, ábyrgðartryggingu o.fl. Um váttrygginguna gilda þessir skilmálar auk [almennra skilmála félagsins nr. 001](#).

1. KAFLI	INNBÚSTRYGGING	1
2. KAFLI	INNBÚSKASKÓ	4
3. KAFLI	DÁNARTRYGGING GÆLUDÝRA	5
4. KAFLI	VÁTRYGGING Á MUNUM TIL TÓMSTUNDAÍÐKANA	5
5. KAFLI	ÁBYRGÐARTRYGGING	5
6. KAFLI	SLYSATRYGGING Í FRÍTÍMA	6
7. KAFLI	TRYGGING VEGNA SJÚKRAHÚSLEGU	8
8. KAFLI	GREIÐSLUKORTATRYGGING	9
9. KAFLI	RÉTTARAÐSTOÐ	10
10. KAFLI	ÁFALLAHJÁLP - SÉRFRÆÐIÐSTOÐ	11
11. KAFLI	FERÐAVERND	11

Váttryggingartaki er váttryggður. Eftirtalin eru einnig váttryggð:

- Maki eða sambýlismaki váttryggingartaka og ógift börn þeirra, enda eigi þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili á Íslandi, búi á sama stað og hafi sameiginlegt heimilishald hér á landi.
- Börn váttryggingartaka, maka hans eða sambýlismaka sem eru yngri en 18 ára og eiga lögheimili hér á landi, annars staðar en hjá þeim, enda falli þau ekki undir heimilis- eða fjölskyldutryggingu á lögheimili sínu.
- Maki váttryggingartaka sem á lögheimili hér á landi annars staðar en váttryggingartaki. Það á þó ekki við ef maki og váttryggingartaki hafa skilið að borði og sæng.

1. KAFLI INNBÚSTRYGGING

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á heimili váttryggingartaka sem skráð er á váttryggingarskírteini. Váttryggingin tekur jafnframt til búsmuna sem eru hérlandis utan heimilis váttryggingartaka, en þá takmarkast bætur við 15% af váttryggingarfjárhæðinni (sjá yfirlitsmynd).

2. gr. Hvað fellur undir trygginguna?

Váttryggingin tekur til innbús, almenns og sérgreinds, sem er í eigu hinna váttryggðu og sem telst ekki vera hluti af fasteign eða almennu fylgifé hennar. Með almennu innbúi er átt við lausafjármuni sem fylgja almennu heimilishaldi, svo sem húsgögn, heimilistæki, laus gólfteppi, fatnað, bækur og lín. Váttryggingin nær einnig til almenns viðlegubúnaðar og tómstundaáhalda. Þá bætist hvers kyns hlífðarbúnaður sem notaður er til aksturs ökutækja. Einnig fellur undir váttrygginguna einn gangur sumar- eða vetrarhjólbarða undir hvern einkabíl fjölskyldunnar svo og laus hleðslubúnaður rafbíla í eigu einhvers váttryggðra, sem geymdir eru í bílskúr eða annarri geymslu. Hjólbarðarnir og hleðslubúnaðurinn skulu samsvara gerðarlýsingu bílsins.

Með sérgreindu innbúi er átt við:

- Málverk, listaverk, myndavélar, upptökuvélar, sjónauka, hljóðfæri, hljómtæki, sjónvarpstæki og tölvur ásamt fylgihlutum framangreindra tækja.
- Peninga, verðbréf, handrit, frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn. Hámarksbætur eru 1% af váttryggingarfjárhæðinni.

Munir sem eru sérstaklega tryggðir með annarri váttryggingu falla ekki undir váttryggingu þessa.

Eftirfarandi fellur ekki undir váttrygginguna en hægt að váttryggja sérstaklega:

Dýr, skráningarskyld vélknúin ökutæki, óskráningarskyld vélknúin ökutæki með aflvél yfir 5 kw., skráningarskyldar vinnuvélar, hjólhýsi, tjaldvagnar, bátar eða hlutir sem tilheyra nefndum tækjum.

3. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur vegna tjóns á innbúi af þeim tjónsorsökum sem tilgreindar eru í yfirlitsmynd.

Váttryggingin bætir einnig tjón á váttryggðum munum sem verða kann vegna nauðsynlegra aðgerða til að forða þeim frá yfirvofandi bótaskyldu tjóni. Verði nauðsynlegt fyrir váttryggðan að flytja af heimili sínu vegna bótaskylds tjóns þar, greiðist óhjákvæmilegur aukakostnaður vegna þess, þ.m.t. húsaleiga í sambærilegu húsnæði, þó aldrei hærri en sem nemur 6% váttryggingarfjárhæðar.

FJÖLSKYLDUVERND 3						
SJÓVÁ						
	A Bruni	B Skammhlaup	C Umferðaróhapp	D Innbrotspjófnaður	E Þjófnaður	F Rán
Vátryggingin tekur til eftirfarandi tjónsatvika:	Bruna, eldsvoða, eldinga, sprenginga, skyndilegs sótfalls frá kynditækjum. Hraps loftfars eða hluta af því.	Skemmda á rafmagnstækjum vegna skammhlaups í þeim.	Skemmda á innbúi í ökutæki sem lendir í umferðaróhappi.	Þjófnaða við innbrot í læsta íbúð, bifreið, einkabát, einkaloftfar, sumarhús eða hjólhýsi. Það er forsenda fyrir bótaskyldu að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot. Varúðarregla: Dyr, gluggar og önnur op inn á vátryggingarstað skulu vera tryggilega læst og lykjar ekki geymdir þannig að óviðkomandi hafi aðgang að þeim	Þjófnaða úr grunnskóla eða ólæstri íbúð. Forsenda bóta-skyldu er að eðlileg aðgát sé viðhöfð. Þjófnaða á reiðhjólum. Varúðarregla: Reiðhjól skulu vera læst og lykjar geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim. Jafnframt skulu lykjar óskráningsarskyldra ökutækja ekki geymdir þar sem óviðkomandi hefur aðgang að.	Töku vátryggðra muna með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað.
Undanþágur og takmarkanir:	Vátryggingin bætir ekki: Sviðnun eða bráðnun sem ekki verður talin eldsvoði, svo sem þegar hlutur sviðnar frá straujárnri, frá glóð vegna tilbaksreykinga, eldstæðum eða þess háttar, né tjón á munum sem settir eru viljandi í hættu frá eldi eða hita.	Vátryggingin bætir ekki: Tjón á tækjum sem eru eldri en 10 ára. Tjón, sem ábyrgð seljanda nær til. Tjón sem rekja má til slits, ónógs viðhalds eða rangrar samsetningar. Tjón sem rekja má til bilunar hjá rafmagnsveitu og veldur spennubreytingu.	Vátryggingin bætir ekki: Tjón þegar um búferlaflutning er að ræða. Tjón á munum þegar flutt er gegn gjaldi. Tjón sem fæst bætt úr öðrum vátryggingum.	Vátryggingin bætir ekki: Tjón vegna þjófnaðar úr íbúð sem verið hefur mannlaus í meira en 6 mánuði. Sama á við um hjólhýsi og sumarhús þegar ekki er dvalið í þeim. Tjón vegna þjófnaðar úr húsnæði eða farartækjum, sem vátryggður leigir eða lánar öðrum. Tjón vegna þjófnaðar úr ölæstum vistarverum eða farartækjum. Tjón vegna þjófnaðar á eða úr tjaldi eða tjaldvagni. Tjón vegna þjófnaðar sem framinn er af einhverjum hinna vátryggðu eða með vitneskju einhvers þeirra.	Vátryggingin bætir ekki: Tjón sem verður þegar vátryggður gleymir hlut, týnir honum eða fer þannig með hann að við missi mátti búast. Tjón vegna þjófnaðar úr mannlausri íbúð, eða úr íbúð sem vátryggði leigir eða lánar öðrum. Tjón vegna þjófnaðar sem framinn er af einhverjum hinna vátryggðu eða með vitneskju einhvers þeirra.	
Vátryggðir munir: Bótaskylt <input type="checkbox"/> Ekki bótaskylt <input type="checkbox"/>						
1) Almenn innbú, persónulegir lausafjarmunir.		Rafmagnstæki eða hlutir tilheyrandi þeim.		Hámark 5% af vátryggingar-fjárhæðinni í a) geymslum utan íbúðar, b) útihúsum eða bílskúrum. c) bifreiðum.	Hámark 5% af vátryggingar-fjárhæðinni. Eigin áhætta 10% í hverju tjóni, þó að lágmarki almenn eigin áhætta en kr. 10.600 þó í grunnskóla.	
Sérgreint innbú	2) Málverk, listaverk, myndavélar, upptökuvélar, sjónaukar, hljóðfæri, hljómtæki, sjónvörp og tölvur.	Aðeins útvörp, sjónvörp, hljómtæki og tölvur eða hlutir tilheyrandi þeim.		Ekki í: a) geymslum utan íbúðar, b) útihúsum eða bílskúrum, c) bifreiðum.	Hámark 5% af vátryggingar-fjárhæðinni. Eigin áhætta 10% í hverju tjóni, þó að lágmarki almenn eigin áhætta.	
	3) Úr og skartgripir, hámark 5% vátryggingarfjárhæðar.			Ekki í: a) geymslum utan íbúðar, b) útihúsum og bílskúrum c) íbúðarhúsnæði sem hefur verið mannlaut í meira en 2 mánuði, d) bifreiðum, einkabátum, einkaloftförum eða hjólhúsum.		
4) Peningar, verðbréf, handrit, frumteikningar. Mynt og frímerkjasöfn. Hámark 1% vátryggingarfjárhæðar hver liður.				Ekki í bifreiðum, einkabátum, einkaloftförum eða hjólhúsum.		
5) Læst reiðhjól, óskráningskyld ökutæki með aflvél undir 5 kw., barnavagnar og barnakerrur. Hámarksbætur vegna hvers tjónsatviks á reiðhjóli og óskráningsarskyldum ökutækjum eru kr. 405.100 þegar eigin áhætta hefur verið dregin frá.					Eigin áhætta 25% í hverju tjóni, þó að lágmarki almenn eigin áhætta.	
6) Verkfæri, varahlutir og áhöld, sem vátryggður á og notar sem launþegi við vinnu sína. Hámark 5% vátryggingarfjárhæðar.				Þó ekki í vinnuskúrum.		

G Skemmdarverk	H Útstreymi vökva	I Óveður	J Kæli- frystivörur og	K Ofhitun á þvotti	L Brot eða hrun	M Skýfall/asahláka	N Snjópungi
Skemmda á váttryggðum munum sem valdið er af ásetningi, svo og á húsnæði í kjölfar innbrota, allt að 5% af váttryggingar-fjárhæðinni	Skemmda af völdum vatns, olíu eða annars vökva sem skyndilega og óvænt streymir úr leiðslum hússins, vatnsrúmunum eða fiskabúrum, þó ekki niðurföllum eða þakrennum.	Skemmda á hinu váttryggða af völdum óveðurs (28,5 m/sek. eða meira) og tjónið er afleiðing þess að vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins.	Skemmda á frystikistu eða ísskáp svo og matvælum í þeim sem verða vegna þess að rafstraumur rofnar skyndilega og óvænt.	Skemmda á þvotti af völdum of-hitnunar í þvottavél eða þurrkara sem stafar af bilun í þvottavélinni eða þurrkaranum.	Skemmda sem verða á innbúi á heimili váttryggðs af völdum þess að munir úr innbúinu detta skyndilega og óvænt niður og brotna. Með munum úr innbúinu er átt við hluti sem festir eru við vegg eða loft, svo sem veggskápa, hillur, málverk, myndir, loft og vegggljós, svo og muni sem voru í eða á þeim munum sem hrundu.	Tjóns á innbúi ef vatn flæðir inn, enda hafi það orðið af völdum skyndilegrar úrhellis-rigningar (skýfalls) eða snjóbráðar (asahláku). Með skyndilegri úrhellis-rigningu og snjóbráð er átt við að vatn verður skyndilega svo mikið að niðurföll leiða það ekki frá.	Tjón á váttryggðu innbúi sem er afleiðing af skyndilegum snjópunga sem sligað hefur þak eða vegg hússins.
Váttryggingin bætir ekki: Tjón á munum sem voru utandyra annars staðar en á lóð við heimili váttryggðs. Tjón af völdum váttryggðs sjálfs eða einhvers sem heimild hefur til veru á heimili váttryggðs.	Váttryggingin bætir ekki: Tjón af völdum utanaðkomandi vatns svo og grunnvatns, úrkomu, flóða eða snjóbráðar, eða vatns sem þrýstist upp úr skólpleiðslum. Váttryggingin bætir þó slíkar skemmdir ef þær verða beinlínis raktar til þess að leiðsla stíflast eða springur innanhúss. Tjón sem verða á vatnsrúmunum eða fiskabúrum vegna útstreymis vatns úr þeim sbr. ofangreint.	Váttryggingin bætir ekki: Tjón á munum utanhúss. Tjón, sem verður vegna flóða í kjölfar óveðurs. Tjón af völdum úrkomu nema það verði bein afleiðing af skyndilegu tjóni á hlutaðeigandi húsi.	Váttryggingin bætir ekki: Tjón á sjálfri þvottavélinni eða þurrkaranum.	Váttryggingin bætir ekki: Tjón á sjálfri þvottavélinni eða þurrkaranum.	Váttryggingin bætir ekki: Skemmdir á munum á eða í skápum eða hillum ef þeir falla einir sér niður nema um sé að ræða sjón-varpstæk eða hljóm-flutningstæki. Skemmdir sem verða þegar verið er að færa hluti til. Skemmdir sem verða utan heimilis váttryggðs. Skemmdir af völdum vökva sem hellist niður.	Váttryggingin bætir ekki: Tjón af völdum utanaðkomandi vatns frá svölum, þakrennum eða frá-rennslisleiðslum þeirra eða vegna sjávarfalla og/eða grunnvatns. Sama á við um vatnstjón sem Náttúruhamfaratryggingu Íslands er skylt að bæta.	Váttryggingin bætir ekki: Tjón af völdum snjóflóða né heldur tjón sem er afleiðing af byggingargalla.
Váttryggðir munir: <input type="checkbox"/> Bótaskyld <input type="checkbox"/> Ekki bótaskyld <input type="checkbox"/>							
Hámark 5% af váttryggingarfjár-hæðinni í a) geymslum utan íbúðar, b) í úti húsum eða bílskúrum.			Hámark 2% af váttryggingarfjár-hæðinni fyrir matvæli í frystikistu eða ísskáp.	Eigin áhætta er 25% í hverju tjóni, þó að lágmarki almenn eigin áhætta. (Reikningur vegna viðgerðar á þvottavélinni eða þurrkaranum fylgi bótakröfu).		Varúðarregla: Það er skilyrði fyrir bótaskyldu félagsins að váttryggður hreinsi frá niðurföllum við húseignina svo að snjór, klaki eða óhreinindi stífla þau ekki.	
Ekki í: a) geymslum utan íbúðar, b) í úti húsum eða bílskúrum, c) utandyra.							
Eigin áhætta er 25% í hverju tjóni. Þó að lágmarki almenn eigin áhætta.							
Aðeins í tengslum við þjófnað úr læstum hóbýlum en ekki vinnuskúrum.							

Allar tilgeindar fjárhæðir í yfirlitsmynd eru miðaðar við vísitölu neysluverðs án húsnæðis þegar hún var 962 stig og breytast í samræmi við þá vísitölu.

4. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bætur miðast við, að svo miklu leyti sem unnt er, að fjárhagsleg staða váttryggðs verði hin sama og fyrir tjónið. Þegar bætur eru greiddar með peningum nemur fjárhæð bóta að hámarki þeirri fjárhæð sem félagið hefði greitt fyrir viðgerð eða enduröflun hins váttryggða. Bætur greiðast jafnan á grundvelli verðs á nýjum hlutum. Frádráttur vegna aldurs og notkunar kemur því aðeins til greina, að notagildi hlutanna hafi minnkað verulega fyrir váttryggðan. Þegar um er að ræða bætur vegna eftirtalinna muna hefur félagið heimild til þess að styðjast við eftirfarandi afskriftarreglur:

	Ár án aldursfrádráttar	Eftir það árlegur frádráttur
Fatnaður fullorðinna	1 ár	20%
Fatnaður barna	1 ár	30%
Gleraugu	1 ár	10%
Rafmagnstæki	1 ár	20%
Tómstundaáhöld	1 ár	15%
Myndavélar	2 ár	10%
Reiðhjól	1 ár	20%
Skíða- og viðlegubúnaður	1 ár	20%
Bátar	1 ár	10%
Sérgreindir tómstundamunir	1 ár	10%

Frádráttur getur þó hæstur orðið 70%. Bætur vegna hvers kyns miðla til afritunar takmarkast við verð á nýjum óáteknum miðlum. Stólnir eða glataðir munir sem koma fram eftir að félagið hefur bætt tjónið, eru eign félagsins og skal þeim skilað til þess. Váttryggður getur þó haldið muninum ef hann óskar þess, með því að endurgreiða bæturnar. Félaginu er heimilt að krefjast framvísunar á skemmdum munum sem bættir hafa verið að fullu.

Um tölvur, síma og snjalltæki gilda þessar reglur:

	Án aldursfrádráttar í	Afskrifast eftir það um	Afskrifað að fullu
Tölvur og spjaldtölvur	12 mánuði	25% á hverjum 12 mánuðum	á fimm árum
Snallsímar, snjallúr og fylgihlutir	6 mánuði	20% á hverjum 6 mánuðum	á 30 mánuðum

Þegar tjón veldur eingöngu útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins váttryggða greiðast ekki bætur. Minjagildi og töpuð gögn bætast ekki.

2. KAFLI INNBÚSKASKÓ**5. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Váttryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í allt að 3 mánuði.

6. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin tekur til tjóns á innbúi sem rætur á að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks. Nánari skilgreiningu á innbú er að finna í innbústryggingu.

7. gr. Undanþágur

Váttryggingin bætir ekki

- Tjón á peningum, verðbréfum, handritum, frumteikningum, mynt- og frímerkjasöfnum.
- Tjón á hlífðarbúnaði sem notaður er til aksturs ökutækja, öðrum en hlífðarfatnaði.
- Tjón sem stafar af eðlilegu sliti, galla, rangri samsetningu, ónógu viðhaldi eða innri bilunum, svo sem vélrænum bilunum.
- Tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins váttryggða.
- Tjón sem verður þegar váttryggður munur er mislagður, gleymist, týnist eða er skilinn eftir á almannafæri.
- Tjón vegna þjófnaðar.
- Tjón af snöggum hita- og/eða rakabreytingum.
- Tjón sem rekja má til myglu eða sveppagróðurs.
- Tjón sem stafar af klóri og nagi eða losun þvags og saurs frá gæludýrum.
- Tjón sem verða á vél- eða rafknúnum tómstundatækjum við notkun þeirra.

8. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bætur eru ákvarðaðar með sama hætti og fram kemur í innbústryggingu. Í hverju tjóni getur váttryggður valið hvort bætur greiðast úr innbústryggingu eða innbúskaskó. Váttryggingin greiðir ekki samtímis bætur úr innbús- eða váttryggingu á munum til tómstundaiðkana og innbúskaskó vegna eins og sama tjóns.

3. KAFLI DÁNARTRYGGING GÆLUDÝRA

9. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur ef gæludýr deyr af völdum sjúkdóms eða meiðsla eða aflífa verður gæludýrið af þessum orsökum samkvæmt úrskurði dýralæknis. Gæludýratrygging tekur til hvers kyns gæludýra sem náð hafa þriggja mánaða aldri, eru innandyrá á heimili vátryggðs á Íslandi og löglegt er að halda.

10. gr. Undanþágur

Ekki eru greiddar bætur vegna tjóns í neðangreindum tilvikum:

- Þegar tjón verður vegna atvika sem áttu sér stað áður en vátryggingin tók gildi.
- Þegar um atvinnustarfsemi er að ræða.
- Þegar gæludýri er stolið eða það strýkur.

Ekki eru greiddar bætur komi til aflífunar vegna:

- Árásargirni.
- Afbrigðilegs vaxtar í mjaðmaliðum (mjaðmaloss).
- Viðurkenndra arfgengra eða meðfæddra sjúkdóma.
- Boðs yfirvalda eða annarra sambærilegra ráðstafana.
- Ofnæmis vátryggðra fjölskyldumeðlima.

11. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bætur miðast við verð á sambærilegu gæludýri. Bætur lækka um 20% á ári frá á með fjögurra ára aldri gæludýrs. Bætur eru því ekki greiddar ef gæludýr hefur náð 8 ára aldri á tjónsdegi.

4. KAFLI VÁTRYGGING Á MUNUM TIL TÓMSTUNDAIÐKANA

12. gr. Hvar gildir vátryggingin?

Vátryggingin gildir á Íslandi.

13. gr. Hvað fellur undir trygginguna?

Vátryggingin tekur til kajaka, árabáta með eða án utanborðsmótors, slöngubáta eða annarra sambærilegra báta undir 5 metrum á lengd, kanóa, seglbretta, sæþotna, fis- og svífðreka án mótors svo og fis- og svífvængja með eða án mótors, golfbíla, sláttutraktora, fallhlífa, kafarabúnaðar, hestabúnaðar, skíðabúnaðar, stangaveiðibúnaðar og golfbúnaðar auk hlífðarabúnaðar og fatnaðar sem tilheyrir motorsporti.

14. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur á munum til tómstundaiðkana sem verða af þeim tjónsorsökum sem tilgreindar eru í yfirlitsmynd innbústryggingar eftir því sem við á.

15. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bætur eru ákvarðaðar með sama hætti og fram kemur í innbústryggingu. Vátryggingin greiðir ekki samtímis bætur úr innbústryggingu/innbúskaskó og úr vátryggingu á munum til tómstundaiðkana vegna eins og sama tjóns.

5. KAFLI ÁBYRGÐARTRYGGING

16. gr. Hvar gildir vátryggingin?

Vátryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í allt að þrjá mánuði talið frá brottfarardegi.

17. gr. Hvað bætir tryggingin?

Skaðabótaskylda að lögum:

Vátryggingin vátryggir gegn þeirri skaðabótaskyldu er fellur á vátryggðan sem einstakling samkvæmt íslenskum lögum, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum, þar með töldum fasteignum og dýrum, af völdum skyndilegs atburðar og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga. Vátryggingin bætir því ekki skaðabótaskyldu sem fellur á vátryggðan vegna atvinnu hans, hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða sem launþegi.

Bætur umfram lagaskyldu:

Ábyrgð vegna barna

Vátryggingin bætir, án tillits til skaðabótaskyldu að lögum, tjón á mönnum eða munum sem barn vátryggingartaka yngri en 10 ára veldur. Ef sá sem verður fyrir tjóni er meðvaldur eða meðábyrgur skerðist bótarétturinn í samræmi við það. Vátryggingarverndin gildir ekki þegar barnið á aðild að umferðartjóni og tjón verður á skráningarskyldu ökutæki í notkun.

Ábyrgð vegna tjóns á innbúi

Vátryggingin bætir, án tillits til skaðabótaskyldu að lögum, tjón sem hinir vátryggðu valda á innbúsnum sem gestkomendur í heimahúsum. Ef sá sem verður fyrir tjóni er meðvaldur eða meðábyrgur skerðist bótarétturinn í samræmi við það.

Ábyrgð vegna óhapps við golfiðkun

Vátryggingin bætir, án tillits til skaðabótaskyldu að lögum, tjón sem vátryggður kann að valda á mönnum eða munum við golfiðkun á golfvelli eða á æfingavæði við golfvöll. Ef sá sem verður fyrir tjóni er meðvaldur eða meðábyrgur skerðist bótarétturinn í samræmi við það.

Ef önnur vátrygging tekur til tjónsins stofnast ekki bótaréttur samkvæmt 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

18. gr. Undanþágur

Ábyrgðartryggingin bætir ekki tjón:

- Sem hinir vátryggðu valda hver öðrum.
- Á munum eða glötunar muna sem vátryggður hefur að láni, til leigu, geymslu eða af öðrum ástæðum eru í vörslu hans, þar á meðal munum sem vátryggður hefur með höndum heimildarlaust.
- Sem vátryggður ber ábyrgð á sem eigandi, notandi eða stjórnandi skips, báts, loftfars, skráningarskylds vélknúins ökutækis, óskráningarskylds ökutækis með aflvél yfir 5 kw., skráningarskyldrar vinnuvélar eða dýrs annars en gæludýrs.
- Vegna skotvopna sem vátryggður hefur ekki skotvopnaleyfi fyrir.
- Sem stafar af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.
- Vegna sekta, málskostnaðar eða annarra útgjalda í sambandi við refsímál.
- Sem fellur á vátryggðan sem eiganda húseignar eða húseignarluta.
- Vegna endurkröfu frá Sjúkratryggingum Íslands eða öðrum opinberum tryggingastofnunum.
- Sem verður sökum mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. Vátryggingin bætir þó þess háttar tjón ef það verður rakið til eins ákveðins atburðar.
- Vátryggingin bætir ekki tjón sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka og/eða myglu og sveppagróðri.

6. KAFLI SLYSATRYGGING Í FRÍTÍMA**19. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum. Þrátt fyrir skilgreiningu í inngangstexta skilmála þessara gildir vátryggingin fyrir námsmenn sem flytja tímabundið frá heimili, innanlands eða erlendis, í allt að 9 mánuði.

20. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir í frístundum, við heimilisstörf, við skólanám eða almennar íþróttaiðkanir, enda leiði það til:

- Sjúkrakostnaðar.
- Tannbrots.
- Tímabundins missis starfsorku.
- Varanlegar læknisfræðilegar örorku.
- Dauða.

Með orðinu slys er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Vátryggingin tekur ekki til slysa sem vátryggður verður fyrir í starfi hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbært í eigin þágu eða annarra sem atvinnuslysahætta fylgir. Vátryggingin nær ekki til slyss sem vátryggður verður fyrir af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis á Íslandi, né slyss af völdum vélknúins ökutækis sem skráð er erlendis þar sem lögboðið er að vátryggja vegna slíkra slysa.

21. gr. Bætur vegna sjúkrakostnaðar

Vátryggingin greiðir innlendan sjúkrakostnað sem hlotist hefur af bótaskyldu slysi gegn framvísun frumrita reikninga eða greiðslukvittana. Vátryggingin bætir þó ekki sjúkrakostnað, sem vátryggðum er unnt er að fá endurgreiddan frá Sjúkratryggingum Íslands.

Sé örorka vegna bótaskylds slyss metin meiri en 50%, greiðir vátryggingin einnig nauðsynlegan kostnað við breytingar á húsnæði og öflun hjálpartækja, sem lagt er út fyrir í samráði við félagið eða með samþykki þess.

22. gr. Bætur vegna tannbrots

Vátryggingin greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys. Greiðsla félagsins takmarkast þó við 7,5% af grunnfjárhæð örorkubóta vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á einu vátryggingarári við 11,5% af sömu fjárhæð. Vátryggingin bætir þó ekki brot á tönnum sem verða við vinnuslys, sbr. lög um almannatryggingar. Bætur greiðast heldur ekki vegna brots á tönnum sem ber að höndum þegar vátryggður matast.

23. gr. Bætur vegna tímabundins missis starfsorku

Verði váttryggður óvinnufær af völdum slyss greiðir váttryggingin dagpeninga þá sem í gildi voru á slysdegi. Dagpeningar eru greiddir eftir að biðtíma lýkur þar til váttryggður verður vinnufær að nýju eða við lok bótatíma, þó ekki fyrir tímabil að loknum þremur árum frá slysdegi. Biðtími reiknast frá upphafi óvinnufærni og greiðast dagpeningar eftir það í hlutfalli við starfsorkumissinn.

Bætur eru ekki greiddar vegna tímabundins starfsorkumissis sem er minni en 50% af óskertri starfsorku. Félagið ákveður hve mikill starfsorkumissirinn hefur verið og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja. Váttryggingin greiðir ekki bætur fyrir tímabundinn starfsorkumissi eftir að hann er orðinn varanlegur samkvæmt læknisvottorði eða örorkumati. Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu, lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.

24. gr. Bætur vegna varanlegrar örorku

Verði váttryggður fyrir varanlegu líkamstjóni vegna slyss greiðir félagið örorkubætur. Örorku skal meta í hundradshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Metin er skerðing á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Við mat á örorku skal beitt hlutfallsreglu þegar við á. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%. Missir eða bækun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklunar á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal meta örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið. Örorkubætur eru ekki greiddar vegna slysa sem eingöngu valda lýti eða vegna tannbrota.

Meta skal örorku í fyrsta lagi einu ári frá slysdegi og eigi fyrr en þegar greiðslum dagpeninga lýkur með hliðsjón af ástandi váttryggða þá. Telji váttryggður eða félagið að örorka geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en þrjú ár frá slysdegi. Þótt gera megi ráð fyrir að ástand váttryggða kunni að breytast skal framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir að slysið varð. Ef líkur eru til að ástand hins váttryggða megi bæta með læknis meðferð, þjálfun eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíkar aðgerðir, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegs bata sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Vilji váttryggður eða félagið ekki una niðurstöðu örorkumats, sem borist hefur félaginu innan framangreindra tímamarka, getur hvor aðili um sig lagt fram nýtt örorkumat á eigin kostnað innan 6 mánuða frá því að fyrri matsgerð barst félaginu. Frestur til framlagningar endanlegrar matsgerðar er þó aldrei skemmri en 3 ár frá slysdegi.

Ef váttryggður deyr áður en örorkumat fer fram skal örorka metin á grundvelli læknisfræðilegra gagna og greiða bætur í samræmi við það. Beri andlát að innan árs frá slysdegi greiðast engar örorkubætur.

25. gr. Dánarbætur

Valdi slys dauða váttryggðs innan eins árs frá slysdegi greiðist réttihafa bóta dánarbætur að frádregnum bótum fyrir varanlega örorku sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss. Maki eða sambúðarmaki, samkvæmt inngangstexta skilmála þessara, er réttihafi dánarbóta. Ef váttryggður lætur ekki eftir sig maka/sambúðarmaka fellur váttryggingarfjárhæðin til erfingja váttryggðs samkvæmt lögum eða erfðaskrá. Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að váttryggður deyr og aðrir þættir, svo sem aldur, sjúkdómur, veiklun, sjúklegt ástand eða lækningameðferð eigi engan þátt í andlátinu.

26. gr. Undanþágur

Váttryggingin bætir ekki:

- Slys sem váttryggðir 16 ára og eldri verða fyrir við iðkun keppnisíþróttar. Með iðkun keppnisíþróttar er hér átt við keppni og æfingar fyrir keppni í einstaklings- og liðsíþróttum, sem æfðar eru reglulega undir leiðsögn þjálfara á vegum félaga og samtaka sem hafa íþróttakeppni að tilgangi. Þessi takmörkun á þó ekki við um almenningsspáttöku í æfingum og keppni í golfi, götuhjólreiðum og víðavangs- eða götuhlaupi svo og öðrum íþróttum þar sem almenningi gefst kostur á þátttöku án skilyrða um lágmarksfærni eða –getu.
- Slys sem váttryggður verður fyrir í:
 - hvers konar akstursíþróttum,
 - bardagaíþróttum ef iðkandi er 16 ára og eldri,
 - ferðum á fjöll sem eru hærri en 4000 metrar yfir sjávarmáli, fjalla-, kletta- eða ísklifri og bjargsigi,
 - kajakferðum, siglingum niður straumharðar ár eða fljót og siglingum á rib-bátum,
 - dreka-, loftbelgja- og svifflug, teygjustökki, fallhlífartökki, og köfun með lofthylki,
 - öðrum athöfnum sem eru sambærilegar eða eðlisskyldar því sem ofan greinir.
- Slys sem verða í flugi, nema að váttryggður sé farþegi í áætlnar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálafirvalda.
- Slys sem verða vegna ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss.
- Slys sem verður vegna matareitrunar, drykkjareitrunar eða neyslu nautnalyfja.

- f. Slys er váttryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið á milli ástands þessa og slyssins.
- g. Slys vegna eittraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja váttryggðs.
- h. Slys af völdum hryðjuverka, vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira.
- i. Slys sem verður á beinni leið í eða úr vinnu.

27. gr. Undanþágur vegna sjúkdóma o.fl:

Váttryggingin bætir ekki slys sem beint eða óbeint orsakast af sjóndepru, heyrnardeyfð, hreyfihömlun, geðsjúkdómum, flogaveiki, krampa, slagi, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum eða veiklun. Þá bætir váttryggingin ekki tjón af völdum sýkingar af skordýrabiti eða stungu. Hafi slíkar ástæður verið þess meðvaldandi að váttryggður missir starfsorku sína um stundarsakir eða varanlega, er einungis greitt fyrir þann starfsorkumissi sem ætla má að hann hefði orðið fyrir ef þessar ástæður hefðu ekki komið til. Jafnvel þótt slys verði talin sönnuð orsök greiðir váttryggingin ekki bætur vegna eftirfarandi sjúkdóma eða sjúklegs ástands: Brjós-kloss, þursabits (lumago ischias), liðagigtar, slitgigtar eða hvers konar annarra gigtarsjúkdóma.

Ef sjúkdómur, veiklun eða sjúklegt ástand váttryggðs eru meðorsakir dauða hans, greiðast ekki dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var fyrir þegar slysið varð eða skapaðist síðar, án þess þá að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem váttryggingin nær til.

28. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bótafjárhæðir örorkubóta, dánarbóta og bóta vegna tímabundins missis starfsorku reiknast á grundvelli gildandi váttryggingarfjárhæðar á slysdegi en breytast með vísitölu neysluverðs án húsnæðis frá slysdegi til uppgjörsdags. Hámarksfjárhæð bóta vegna tannbrota barna tekur vísitölubreytingum frá slysdegi til uppgjörsdags.

Bótafjárhæðir taka mið af aldri váttryggðs eins að neðan greinir.

- a. **Tímabundinn missir starfsorku:** Bótafjárhæðir taka mið af aldri váttryggðs á slysdegi. Börn, yngri en 16 ára, eru ekki váttryggð gegn tímabundnum missi starfsorku. Sé váttryggður á slysdegi á aldursbilinu frá 16 til 66 ára miðast bótafjárhæðir vegna tímabundins missis starfsorku við 100% af grunnfjárhæð vikulegra bóta. Sé váttryggður á aldrinum frá 67 til 70 ára á slysdegi miðast hámarksbætur vegna tímabundins missis starfsorku við 50% af grunnfjárhæð vikulegra bóta. Sé váttryggður á slysdegi 71 árs eða eldri, greiðast ekki bætur vegna tímabundins missis starfsorku.
- b. **Varanleg örorka:** Bætur greiðast valdi slys váttryggðum varanlegri örorku innan þriggja ára frá slysdegi. Örorkubætur greiðast í hlutfalli við grunnfjárhæð örorkubóta, þó þannig að hvert örorkustig frá 26-50% verkar tvöfalt, hvert örorkustig frá 51-75% verkar fjórfalt og hvert örorkustig frá 76-100% verkar sexfalt. Bætur við örorku sem metin er 100% verða því 325% af grunnfjárhæð örorkubóta sem tilgreind er á váttryggingarskírteininu. Váttryggingarfjárhæð örorkubóta sem tilgreind er í váttryggingaskírteini lækkar frá og með 60 ár aldri váttryggðs í samræmi við töfluna hér að neðan:

Aldursár	Lækkun	Aldursár	Lækkun
60	5%	70	40%
62	10%	72	50%
64	15%	74	60%
66	20%	76	70%
68	30%	77 og eldri	80%

- c. **Dánarbætur:** Dánarbætur greiðast að fullu ef váttryggður var á dánardegi 16 - 69 ára og hafði barn eða fullorðinn einstakling á framfæri sínu. Að öðrum kosti nema bætur 25% af grunnfjárhæð dánarbóta.

7. KAFLI TRYGGING VEGNA SJÚKRAHÚSLEGU

29. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

30. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur verði váttryggður lagður inn á sjúkrahús vegna sjúkdóms, veikinda eða slyss ef samfelld dvöl á sjúkrahúsinu nær þeim lágmarkstíma sem fram kemur á skírteini og greiðast bætur þá frá innlagnardegi fram að útskrift. Bætur greiðast ekki fyrir skemmri dvöl og ekki lengur en fram kemur á skírteini. Bætur greiðast aðeins ef innlögn á sér stað á gildistíma váttryggingarinnar.

31. gr. Undanþágur

Í þessari grein er lýst aðstæðum sem leiða til þess að bótaskylda félagsins er ekki fyrir hendi.

- a. **Sjúkdómar sem eru til staðar.** Sjúkrahúsinnlögn vegna sjúkdóma sem fyrst hófðu sýnt einkenni áður en váttryggingin gekk í gildi.

- b. **Aðlögunartími.** Ekki eru greiddar bætur ef vistun á sjúkrahúsi hefst innan 90 daga eftir upphafsdag váttryggingarskírteinis nema innlögn sé vegna slyss sem orðið hefur eftir að váttryggingin tók gildi.
- c. **Alnæmi.** Allar sjúkrahússinnlagnir, sem beint eða óbeint leiða af eða tengjast:
 - Sýkingu sem felur m.a. í sér mótefni í blóði við HIV eða alnæmis vírus eða öðrum sams konar eða tengdum sjúkdómi eða heilkenni.
 - Sjúkdómi eða veikindum sem beint eða óbeint stafar af slíku smiti, sjúkdómi eða heilkenni.
- d. **Meðfæddir sjúkdómar.** Hvers konar meðfædd líkamleg afbrigði. Hvers konar sjúkdómar og fæðingargallar.
- e. **Fegrunar- eða lýtaaðgerðir.** Allar sjúkrahússinnlagnir vegna fegrunar- eða lýtaaðgerða nema slík innlögn sé vegna slyss sem sem orðið hefur eftir að váttryggingin tók gildi. Meðferðin á að fara fram innan 6 mánaða hið mesta eftir slyss og með fyrirfram skriflegu samþykki félagsins nema aðaltilgangur meðferðar sé að endurhæfa líkamshluta sem varð fyrir tjóni og slíkt líkamsástand er ekki að öðru leyti undanþegið (eins og sjúkdómur sem þegar er til staðar, meðfætt ástand osfrv.). Brjóstaupþbygging sem framkvæmd er í framhaldi af brjóstnámi vegna krabbameins fellur þó undir váttrygginguna. Lagfæring á brjóstágræðslu sem þegar er til staðar fellur ekki undir váttrygginguna.
- f. **Tannaðgerðir.** Allar tannaðgerðir eða meðferð (þ.m.t. skurðaðgerðir á munnholi) og tannúrdráttur.
- g. **Blóðskilun.** Meðferð er felur í sér blóðskilun.
- h. **Flogaveiki / geðsjúkdómar eða öldrunarsjúkdómar, geðrænir öldrunarsjúkdómar.** Sjúkrahúsvistun sem orsakast af flogaveikiköstum af hvaða tegund sem er eða hvers konar kvíða, geðsjúkdómum, elliglöpum, Alzheimer, meðferð á geðdeild eða geðhjúkrunarheimilum.
- i. **Fæðingar.** Þungun, fósturmissir (nema sem afleiðing slyss), eða barnsfæðing og/eða meðferð sem tengist fæðingarhjálp fyrir og eftir fæðingu, ófrjósemi, fóstureyðing eða ófrjósemisaðgerðir og getnaðarvörn þ.m.t. öll vandamál sem tengjast þeim.
- j. **Sjálfsvíg, kynsjúkdómar, líkamsgallar.** Sjálfsmeiðing framin af ásetningi eða líkamstjón sem er afleiðing afbrots váttryggðs, sjálfsvíg eða tilraun til sjálfsvíg af hálfu andlega heils eða vanheils einstaklings. Kynsjúkdómar, ölvun eða fæðingargallar, meðfæddir líkamsgallar eða afmyndun þ.m.t. líkamlegir og andlegir gallar sem voru til staðar frá fæðingu eða alnæmisveirusmit og allir smitandi sjúkdómar sem krefjast einangrunar eða sóttkvíar að lögum.
- k. **Meðferð sem lækni mælir ekki með.** Sjúkrahúsvistun sem ekki hefur verið mælt með og er ekki talin lækisfræðilega nauðsynleg.
- l. **Vist á náttúrulekningahæli.** Vist sem fer fram á náttúrulekningahæli.
- m. **Sjúkrahúsvistun vegna sjúkdómsgreiningar o.fl.** Sjúkrahúsvistun sem fram fer upphaflega til sjúkdómsgreiningar, röntgenmyndatöku, eða vegna almennrar lækniðsskoðunar.
- n. **Hvíldarlækningar og aðgerðir til forvarnar.** Vistun á hressingarheimili, bað- eða hvíldarlækningar, vistun á náttúrulekningahæli og sambærilegum stofnunum eða sjúkrahússinnlögn sem á sér stað til forvarnar. Einnig skylduvistun á endurhæfingarheimili eða á hjúkrunarheimilum.
- o. **Sveiflur í líkamsþyngd.** Læknismeðferð vegna ofþyngdar, þyngdarlækkunar, þyngdarlagfæringar, ofáts, lystarstols.
- p. **Ásetningur, gáleysi o.fl.** Sjúkrahússinnlögn sem rekja má til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis váttryggðs, neyslu lyfja, áfengis eða annarra ávana- eða fíkniefna, þátttöku í handalögmálum eða refsiverðum verknaði.
- q. **Áfengi.** Sjúkrahússinnlögn vegna áfengissýki þar á meðal meðferð allra sjúkdóma, sem að mati ráðgjafarlæknis félagsins telst annað hvort vera undirliggjandi orsök eða bein orsök áfengissýkinnar.
- r. **Lyfjamisnotkun, lyfjafíkn.** Sjúkrahússvistun vegna lyfjamisnotkunar eða lyfjafíknar, þ.m.t. meðferð sjúkdóma, sem að áliti ráðgefandi læknis félagsins telst vera annað hvort undirliggjandi orsök eða tengjast beint misnotkun lyfja eða lyfjafíkn.
- s. **Áhættusöm iðja.** Allar sjúkrahúsvistir sem orsakast af því að hinn váttryggði tók þátt í einhverri áhættutengdri háttsemi sem talin er upp í undanþágum í sýsatriggingu í frítíma.
- t. **Keppnisíþróttir.** Sjúkrahússinnlögn sem rekja má til slysa sem váttryggðir 16 ára og eldri verða fyrir við keppni eða æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum.

32. gr. Aldurstakmörk
Váttrygging þessi gildir ekki fyrir 60 ára og eldri.

33. gr. Hvernir eru bætur ákvarðaðar?
Sjúkralegebætur greiðast vegna þjáninga og óþæginda af völdum sjúkrahúsvistunar og ákvarðast á grundvelli dagafjölda sem váttryggður dvelur á sjúkrahúsi. Bætur greiðast í einu lagi eftir að dvöl á sjúkrahúsi lýkur með útskrift, innan fjórtán daga frá því að félaginu berast fullnægjandi gögn sem staðfesta greiðsluskyldu þess. Tvöfaldar bætur greiðast fyrir þann tíma sem váttryggður dvelst á gjörgæsludeild.

8. KAFLI GREIÐSLUKORTATRYGGING

34. gr. Hvar gildir tryggingin?
Váttryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis.

35. gr. Hvað bætir tryggingin?
Váttryggingin bætir tjón sem hlýst af því að greiðslukort váttryggðs tapast og óviðkomandi aðili notar það með sviksamlegum hætti. Það er skilyrði fyrir bótum að váttryggður hafi farið í einu og öllu eftir reglum útgefanda greiðslukortsins og hafi tilkynnt honum hvarfið tafarlaust.

9. KAFLI RÉTTARAÐSTOÐ

36. gr. Hvar gildir tryggingin?

Vátryggður getur fengið greiddan málskostnað ef þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni:

- Gerast á Norðurlöndum.
- Gerast utan Norðurlanda þegar vátryggður er á ferðalagi og ágreiningurinn varðar hann sem ferðamann.

37. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir málskostnað vegna ágreinings í einkamáli, sem rekið hefur verið fyrir dómstólum hér á landi og snertir vátryggðan sem einstakling. Sé um að tefla ágreining, sem ekki verður vísað til dómstóla nema að undangenginni málsmeðferð á öðrum vettvangi, tekur vátryggingin einungis til kostnaðar, sem til er stofnað að lokinni slíkri meðferð. Vátryggingin tekur einnig til endurupptöku, þó aðeins að endurupptaka sé heimiluð. Vátryggingin tekur ekki til sakamála og ekki heldur til ágreinings sem aðeins getur komið til úrskurðar framkvæmdavalds eða sérdómstóla.

Það er skilyrði bótaskyldu að lögmaður hafi tekið málið að sér og skal lögmaðurinn tilkynna félaginu um málið áður en frekar er aðhafst í því. Lögmaðurinn getur þó framkvæmt það í málinu sem ekki þolir bið. Félaginu ber skylda til, á grunni fyrirbyggjandi upplýsinga, að tilkynna hvort málið sem slíkt sé bótaskyldt eða ekki. Vátryggður velur sjálfur lögmann meðal félagsmanna Lögmannafélags Íslands. Lögmaður getur ekki án samþykkis félagsins farið sjálfur með eigið mál.

38. gr. Undaþágur

Vátryggingin tekur ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni:

- Sem varðar hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað. Sama gildir um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varða ágreining um forræði barna og umgengnisrétt.
- Sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs, þar með talið mál vegna vinnuslysa.
- Sem varðar ábyrgð sem vátryggður hefur gengið í.
- Sem varðar fjárhagslegar ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða óvenju umfangsmiklar fyrir einstakling eða sem stafa af því að einstaklingur gengur í ábyrgð fyrir annan.
- Sem varðar kröfu eða annað tilkall sem framselt hefur verið hinum vátryggða.
- Sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar.
- Sem varðar vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis, hjólhýsis eða annars tengivagns, loftfars, skips, gufubáts, vélbáts eða seglskútu.
- Sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur vátryggðum vegna brots sem er saknæmt.
- Sem varðar víxilmál og innheimtumál gegn vátryggðum þar sem krafa er óumdeild eða óumdeilanleg og mál sem snúast um gjaldþrot eða nauðasamninga þar sem vátryggður er sjálfur gjaldþrota eða leitar nauðasamninga.
- Ef ekki eru fyrir hendi réttmætir hagsmunir af því að fá dóm í málinu. Slíkir hagsmunir verða t.d. ekki taldir vera fyrir hendi, ef umsókn um gjafsókn hefur af þeirri ástæðu verið hafnað eða veiting gjafsóknar verið afturkölluð.
- Sem varða ágreiningsmál milli vátryggðs og félagsins (Sjóvá-Almennra trygginga hf.).

39. gr. Hvenær er hægt að óska eftir réttaraðstoð?

Hægt er að óska eftir réttaraðstoð ef vátryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og að hún hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár. Vátryggingin þarf ekki að hafa verið hjá félaginu allan tímann, ef vátryggður hefur haft sams konar vátryggingu hjá öðru félagi fær hann þá vátryggingu reiknaða sér til góða.

Ef vátryggður hefur vátryggingu þegar ágreiningur kemur upp, en ekki haft hana í tvö ár, getur hann samt sem áður fengið réttaraðstoð ef að þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni hafa gerst eftir að Réttaraðstoðartryggingin tók gildi.

Ef vátryggður hefur ekki lengur neina Réttaraðstoðartryggingu þegar ágreiningur kemur upp getur vátryggður þrátt fyrir það fengið réttaraðstoð frá vátryggingu þessari, ef hún hefur verið í gildi þegar þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni gerðust og ekki eru liðin 4 ár frá atburðinum eða atvikinu.

40. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Vátryggingin greiðir bætur vegna hvers tjóns nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem vátryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera. Þetta þýðir m.a. að félagið greiðir ekki ef vátryggður gefur frá sér möguleika að heimta bætur frá mótaðila með eða án málsóknar. Vátryggðum er skylt að láta reyna á að fá málskostnað greiddan frá hinu opinbera, t.d. að sækja um gjafsókn, nema augljóst sé að hann uppfylli ekki skilyrði til þess. Félagið getur gert að skilyrði fyrir greiðslu bóta að vátryggður leggi ágreining um réttmæti málflutningsþóknunar fyrir úrskurðanefnd Lögmannafélags Íslands samkvæmt 26. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998. Í slíkum tilvikum greiðir félagið málgjaldið. Bætur úr vátryggingu þessari eru greiddar þegar ágreiningur hefur verið til lykta leiddur.

Vátryggingin greiðir:

- Þóknun lögmanns og kostnað.

- b. Kostnað við að afla álitsgerða, ef lögmaður váttryggðs biður um álitsgerðina áður en til dómsmáls kemur, eða augljóst má telja að dómur yrði ekki lagður á mál án þess háttar álitsgerðar. Kostnaður við að afla álitsgerða er þó ekki greiddur fyrir en ágreiningur er til lykta leiddur.
- c. Kostnað við leiðslu vitna eða aðra sönnunarfærslu fyrir dómstólum eða gerðardómum.
- d. Réttargjöld.
- e. Málskostnað sem váttryggði er dæmdur eða úrskurðaður til að greiða gagnaðila af dómstóli eða gerðardómi við lok máls.
- f. Málskostnað sem váttryggði tekur á sig í réttarsátt að greiða gagnaðila ef augljóst er að dómstóll hefði dæmt hann til að greiða hærri málskostnað ef dómur hefði gengið.

Bætur eru ekki greiddar til hinna váttryggðu fyrir:

- a. Eigin vinnu, tekjuskurðingu, ferða- og dvalarkostnað og annan kostnað.
- b. Fullnustu dóms, úrskurðar eða samkomulags.
- c. Aukakostnað sem stafar af því að fengnir eru fleiri lögmennt eða skipt er um lögmann.
- d. Greiðslur til gerðarmanna.
- e. Aukakostnað sem stafar af því að váttryggður eða lögmaður hans gerist sekur um vanrækslu í málarekstrinum eða hefur að öðru leyti sýnt af sér vanrækslu.

Í ágreiningsmálum er varða fjárhagslega hagsmuni geta bætur aldrei orðið hærri en sem nemur fjárhæð þeirra hagsmuna sem ágreiningur lýtur að.

Um eitt tjón telst vera að ræða ef hinir váttryggðu eiga aðild sömu megin að ágreiningi eða máli. Ef váttryggður á í fleiri ágreiningsmálum, skulu slík mál talin eitt tjón, svo fremi að kröfur þær sem uppi eru hafðar séu í meginatriðum af sömu rót.

10. KAFLI ÁFALLAHJÁLP - SÉRFRÆÐIÐSTOD

41. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir kostnað við sérfræðistuðning hafi váttryggður orðið fyrir sálrænu áfalli eða á við sálræn veikindi að stríða í kjölfar einhverra neðangreindra atburða sem váttrygging þessi tekur til og verða kunna á váttryggingartímanum;

- a. innbrots á heimili váttryggs
- b. ráns þ.e. töku váttryggðra muna með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað
- c. andláts eða alvarlegs slyss
- d. alvarlegs brunatjóns

Meðferðin skal eiga sér stað innan 6 mánaða frá tjónsdegi. Með kostnaði er átt við greiðslu til sérfræðings vegna samtalsmeðferðar. Kostnaður vegna ferðalags til og frá sérfræðingi greiðist ekki. Með sálrænu áfalli eða sálrænum veikindum er átt við ástand sem ekki var fyrir hendi fyrir tjónið og er þess eðlis að talið er að það muni ekki batna án utanaðkomandi aðstoðar sérfræðings.

Samþykki félagsins er nauðsynlegt áður en aðstoðar er leitað.

42. gr. Undanþágur

Váttryggingin greiðir ekki kostnað vegna samtalsmeðferðar ef einhver meðváttryggðra er ábyrgur fyrir tjóninu né atburðar sem váttryggður hefur bakað sér refsíðabyrgð vegna samkvæmt íslenskum lögum.

11. KAFLI FERÐAVERND

Váttrygging þessi er sértrygging sem hægt er að kaupa sem viðbót við Fjölskylduvernd gegn aukagjaldi.

43. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á ferðalagi erlendis, frá Íslandi og aftur til Íslands, í allt að 92 samfellda daga. Hún tekur ekki til ferða sem tengjast starfi váttryggðs nema um sé að ræða ráðstefnur eða bókleg námskeið. Ef heildarlengd náms eða vinnu erlendis er meiri en 92 dagar gildir váttryggingin einungis á ferðalagi til og frá Íslandi.

44. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur ef veikindi eða slys valda váttryggðum ófyrirséðum útgjöldum, raska ferðatilhögun hans eða atvik valda tjóni á farangri hans samkvæmt nánar ákvæðum skilmála þessara.

Váttryggingin innifelur vernd vegna:

- a. Sjúkrakostnaðar erlendis
- b. Ferðarofs
- c. Ferðakostnaðar annarra aðila
- d. Endurgreiðslu ferðar
- e. Neyðarþjónustu og -hjálp

- f. Tjóna á farangri eða tafa á afhendingu hans
- g. Forfalla

Þær váttryggingarfjárhæðir og fjárhæðir eigin áhættu sem tilgreindar eru í skírteini gilda fyrir hvern váttryggðan í hverri ferð, en í farangurstryggingu gildir váttryggingarfjárhæðin fyrir alla váttryggða.

45. gr. Skilgreiningar

Í skilmálum þessum eru eftirfarandi hugtök skilgreind þannig:

- a. **Ferðakostnaður** er fargjald og/eða gistikostnaður.
- b. **Dvalarkostnaður** er gisting, ferðakostnaður innan dvalarlands og annar nauðsynlegur kostnaður samkvæmt mati félagsins. Fæðiskostnaður telst ekki til dvalarkostnaðar.
- c. **Náinn ættingi** er maki, sambýlismaki, unnusti/unnusta, barn, barnabarn, foreldri, systkini, tengdaforeldri, tengdabarn, afi eða amma váttryggðs.
- d. **Náinn samstarfsmaður** er sá sem váttryggður er staðgengill fyrir eða meðeigandi í atvinnurekstri.
- e. **Flutningsslys á munum** er atvik þegar almenningssfarartæki hlekkist á og það veldur tjóni á hinum váttryggðu munum. Enn fremur merkir það tjón á munum í vörslu flutningsaðila.
- f. **Létt bifhjól** er bifhjól með þá vélarstærð að ekki er krafist ökuskríteinis til notkunar þess.

46. gr. Sjúkrakostnaður á ferðalagi erlendis

Váttryggingin greiðir bætur vegna sjúkrakostnaðar erlendis af völdum slyss eða sjúkdóms.

Með sjúkrakostnaði er hér átt við lækni- og sérfræðikostnað, sjúkrahúsvist, hjúkrun, lyfjakostnað og meðferð samkvæmt læknisvottorði viðkomandi sjúkrastofnunar, vegna þess að váttryggður veikist eða slasast á ferðalagi. Sjúkraflutning í því landi sem slys eða veikindi verða og nauðsynlegan auka dvalarkostnað og heimferðarkostnað í samráði við SOS INTERNATIONAL. Kostnað við nauðsynlega tannlæknaþjónustu vegna sannanlegs slyss eða til þess að lina þjáningar. Flutning jarðneskra leifa váttryggðs til Íslands.

Tilkynna skal SOS INTERNATIONAL svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða veikindi váttryggðs á ferðalagi erlendis.

47. gr. Ferðarof

Váttryggingin greiðir bætur vegna nauðsynlegra viðbótarútgjalda vegna heimferðar til Íslands ef váttryggður neyðist til að stytta dvöl sína utanlands vegna:

- a. Andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra alvarlegra veikinda náins ættingja váttryggðs, sem búsettur er á Íslandi.
- b. Verulegs eignatjóns á heimili váttryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.

Váttryggingin greiðir hvorki ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanferð í stað þeirrar er rofin var.

48. gr. Ferðakostnaður annarra aðila

Váttryggingin greiðir bætur vegna nauðsynlegs ferða- og dvalarkostnaðar vegna ættingja eða vinar váttryggðs, sem dvelst hjá eða fylgir váttryggðum heim samkvæmt læknisráði og í samráði við SOS INTERNATIONAL eða félagið vegna alvarlegs slyss eða sjúkleika váttryggðs. Einnig vegna nauðsynlegs ferða- og dvalarkostnaðar í samráði við félagið vegna náins ættingja eða vinar váttryggðs frá Íslandi eða dvalarlandi og heim aftur vegna alvarlegs slyss eða sjúkleika váttryggðs.

49. gr. Endurgreiðsla ferðar

Váttryggingin endurgreiðir hlutfallslega óafturkræfan ferðakostnað váttryggðs, fyrir þann hluta ferðar sem váttryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS INTERNATIONAL að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi. Bætur greiðast einungis fyrir þann sjúka og þá váttryggðu sem þurfa nauðsynlega að rjúfa ferð og fylgja honum heim. Einungis eru greiddar bætur vegna ferða sem áttu að vara lengur en 5 daga.

50. gr. Undanþágur vegna sjúkrakostnaðar, ferðarofs, ferðakostnaðar annarra og endurgreiðslu ferðar

Váttryggingin bætir ekki:

- a. Kostnað, sem greiddur er samkvæmt gagnkvæmum samningi um sjúkratryggingar.
- b. Kostnað við meðferð eða eftirmeðferð á Íslandi.
- c. Kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn váttryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar og/eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds.
- d. Tjón sem rekja má til þess að váttryggður:
 - Mátti vænta þess að fæða barn áður en heim kæmi eða innan tveggja mánaða frá heimkomudegi.
 - Ferðast í trássi við ráðgjöf starfandi lækni, eða í þeim tilgangi að leita lækni meðferðar erlendis.
- e. Kostnað vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður þjáðist af, þegar staðfestingargjald var greitt.
- f. Tjón eða kostnað sem fellur til vegna lækni- og/eða fegrunarmeðferða sem váttryggður sækir erlendis.
- g. Sjúkrareikninga sem berast eftir að tólf mánuðir eru liðnir frá váttryggingaratburði.

51. gr. Farangurstrygging

Vátryggingin greiðir bætur vegna tjóns sem verður á einkamunum af völdum bruna, þjófnaðar, innbrots, ráns, skemmdarverka eða flutningssslyss. Vátryggingin greiðir bætur vegna tjóns á einkamunum, sem vátryggður hefur með sér á ferðalagi. Bætur eru greiddar í samræmi við reglur sem gilda um innbústryggingu.

Undanþágur

Vátryggingin bætir ekki:

- a. Skemmdir er hljótast af mölflugum, meindýrum, ástandi andrúmslofts, veðráttu, eðlilegu sliti eða skemmdir, sem ekki rýra notagildi hins vátryggða hlutar.
- b. Skemmdir á farangri vegna vökva, matvæla og annarra smitandi efna, sem höfð eru í farangri, nema almenningifarartæki hlekkist á.
- c. Tjón vegna skemmda á íþróttatækjum í notkun.
- d. Tjón er leiðir af eignaupptöku eða kyrrsetningu muna af hálfu tollgæslu eða annarra valdhafa.
- e. Tjón á frímerkjum, handritum, skjölum, peningum eða hvers kyns verðbréfum.
- f. Tjón vegna skemmda á töskum í vörslu flugfélags eða annars flutningsaðila.
- g. Tjón vegna ónógra eða lélegra umbúða.
- h. Tjón á hlutum sem einhver hinna vátryggðu týnir, missir, gleymir, misleggur eða skilur eftir á almannafæri eða í ólæstum hóbýlum, geymslum, bifreiðum og bátum.
- i. Tjón á hlutum sem stolið er úr ólæstum ferðatöskum.
- j. Tjón á hlutum sem stolið er eða sem hverfa úr læstum hóbýlum, geymslum, bifreiðum eða bátum, án þess að um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða.
- k. Tjón á viðlegubúnaði í notkun vegna skemmda og/eða þjófnaðar, svo og tjón á farangri í tjöldum.
- l. Tjón er verður vegna þjófnaðar eða innbrots sem vátryggður hefur, af ásettu ráði eða gáleysi, ekki tilkynnt lögreglu innan sólarhrings frá því að það varð eða skýrt var frá því.
- m. Tjón vegna bruna, nema kviknað hafi í farartæki eða húsnæði.
- n. Tjón á reiðhjólum sem geymd eru utandyra.

Það er skilyrði fyrir bótum er að vátryggður geri þær ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar, til að sanna að tjónsatburðurinn hafi átt sér stað. Tilkynna skal viðkomandi yfirvöldum um þjófnað, rán eða innbrot og fá skýrslu þar um. Tjón skal auk þess ávallt tilkynna fararstjóra, hóteli og bílaleigu. Tjón í flutningi skal tilkynna flutningsaðila þegar í stað og fá skýrslu þar um.

52. gr. Töf á farangri

Vátryggingin greiðir bætur fái vátryggður farangur sinn ekki afhentan innan tímamarka sem fram koma á skírteini eftir að á áfangastað er komið, vegna tafar eða rangrar afgreiðslu, greiðast bætur til kaupa á nauðsynjum fyrir hvern vátryggðan 16 ára og eldri. Bætur greiðast til barna yngri en 16 ára ef þau ferðast án samfylgdar forráðamanna. Tjónþola ber að framvísa til félagsins skriflegri staðfestingu frá flutningsaðila þar sem tímalengd tafar kemur skýrt fram.

Undanþágur

Bætur greiðast ekki vegna tafa á farangri þegar vátryggður er á heimleið. Bætur eru ekki greiddar ef töfin stafar af því að vátryggður hafi ákvarðað ferðatíma í tengiflugi þrengri en lágmörk viðkomandi flugfélags/ flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um í farabókun.

Bætur samkvæmt þessu ákvæði eru greiddar án þess að leggja þurfi fram reikninga fyrir útlögðum kostnaði.

53. gr. Forfallatrygging

Vátryggingin greiðir bætur vegna ferðakostnaðar sem greiddur var fyrirfram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur allt að vátryggingarfjárhæð vegna ferðar sem hinn vátryggði kemst ekki í ef ástæða er ein af eftirfarandi:

- a. Andlát, líkamsmeiðsli, veikindi, barnsburður eða sóttkví hins vátryggða enda vottað af starfandi lækni.
- b. Að náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður:
 - Andist.
 - Hljóti alvarleg líkamsmeiðsl, eða veikist alvarlega, enda sé það vottað af starfandi lækni.
- c. Vitnaskylda fyrir dómi eða forföll vegna starfa sem vátryggður getur ekki vikið sér undan að vinna samkvæmt lögum um skyldusóttkví eða ef komið er í veg fyrir ferð vegna opinberra hafta er leiða af farsótt.
- d. Verulegt eignatjón á heimili vátryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.
- e. Röskun er leiðir til a.m.k. 12 klst. tafar á brottför almenningifarartækis hins vátryggða á útleið samkvæmt ferðaáætlun er honum hefur verið lätin í té.
- f. Rán flutningsfars.

Bætur samkvæmt þessari grein eru greiddar vegna forfalla sem verða fram að brottför frá heimili vátryggðs. Framangreind tilvik skulu vera þess eðlis, að óhjákvæmilegt sé að afturkalla áður gerða pöntun. Framvísa ber læknisvottorði á þar til gerðu eyðublaði félagsins.

Greiði váttryggður sérstakt forfallagjald hjá ferðasala, eða sé það innheimt af honum við kaup ferðar, gildir forfallatrygging viðkomandi ferðasala í stað þessarar.

Sú váttryggingarfjárhæð og eigin áhætta sem tilgreind er í skirteini gildir fyrir hvern hinna váttryggðu, sem komast ekki í ferðina og uppfylla skilyrði fyrir greiðslu skv. skilmála þessum. Greiðsla bóta vegna hvers hinna váttryggðu nemur hlutfallslegum ferðakostnaði hans af heildarkostnaði ferðar að frádreginni eigin áhættu. Ekki eru greiddar bætur vegna annarra en váttryggðra fjölskyldumeðlima. Hafi váttryggður greitt eða lagt út fyrir ferðakostnaði annarra en váttryggðra fjölskyldumeðlima, greiðast aðeins hlutfallslegar bætur af heildarkostnaði vegna hinna váttryggðu, sem komast ekki í ferðina.

Undanþágur

Váttryggingin bætir ekki:

- Tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma, sem einhver váttryggðra fjölskyldumeðlima var haldinn og var í meðferð vegna, þegar staðfestingargjald var greitt. Með meðferð er átt við hvers konar meðhöndlun, sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem lækningum, lyfjanotkun, endurhæfing, ráðgjöf, viðtöl, sérfaði, óhefðbundin lækningameðferð, ofl.
- Tjón sem stafa beint eða óbeint af eftirfarandi:
 - Tilskipunum stjórnvalda (nema þeim er varða skyldusóttkví).
 - Yfirsjónum eða vanrækslu aðila er annast flutning eða gistingu eða yfirsjón umboðsmanns sem annaðist skipulagningu ferðarinnar.
 - Tregðu váttryggðs til að ferðast eða af bágunum fjárhag hans.
 - Útgjöldum sem ferðaskrifstofu, gistihúsi eða flugfélagi ber að greiða.
 - Breytingu á fyrirhuguðum sumarleyfistíma.
 - Aukagjöldum sem ferðaskrifstofa leggur á og hækka grundvöll verðskrár hennar.
- Tjón sem stafa af því að vanrækt er að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila sem útvegar flutningsfar eða gistingu að nauðsynlegt hafi reynst að hætta við ferð.
- Tjón sem hlýst af því að váttryggður hefur ekki skráð sig til brottferðar samkvæmt ferðaáætlun sem honum hefur verið látin í té enda hafi breyting á áætlunartíma ekki verið staðfest af flugfélagi eða ferðaskrifstofu.
- Tjón sem stafa af því að flugvél eða skip er tekið úr þjónustu til bráðabirgða eða á annan hátt samkvæmt tilskipun opinbers aðila.
- Tjón sem stafa af verkfallsaðgerðum sem vitað var, þegar staðfestingargjald var greitt, að hefjast myndu fyrir brottför.
- Tjón sem stafa af fjárhagserfiðleikum eða gjaldþroti ferðaskrifstofu og annarra slíkra aðila sem annast farþegaflutninga.

54. gr. Almennar undanþágur í ferðavernd

Váttryggingin bætir ekki:

- Tjón sem eru undanskilin samkvæmt staflíðum a., b., c., d. og e. 26.gr. slysatryggingar í frítíma.
- Tjón sem beint eða óbeint leiðir af ferðum á fjöll sem eru hærri en 4000 metrar yfir sjávarmáli.
- Tjón sem beint eða óbeint leiðir af bifreiða- og vélaiþróttum eða notkun vélhjóna, hvort sem váttryggður er ökumaður eða farþegi. Takmörkunin varðandi vélhjól á þó ekki við ef um er að ræða notkun léttis bifhjóns, sem tekið er á leigu í ferðalagi er fellur undir váttryggingu þessa.
- Tjón sem beint eða óbeint leiðir af sjálfsvíg, geðsjúkdómi, meiðslum sem menn valda sjálfum sér, handalögmálum, þátttöku í refsiverðum verknaði, misnotkun lyfja, neyslu fíkniefna, áfengis, kynsjúkdómum eða tjón sem verða er váttryggður hefur stofnað sér í hættu að nauðsynjalausum.

Skilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2024.